

Hvað á barnið mitt að geta?

Málþroski flestra barna 18-24 mánaða

Málskilningur:

- Fylgir einföldum fyrirmælum án vísbendinga (*bendingar og látbragð*)
- Þekkir myndir af algengum hlutum
- Bendir á eigin líkamshluta; *nefið, munninn, hárið og fl.*
- Skilur sagnir/athafnir í samhengi: *hlaupa, borða, lúlla, renna, sparka, detta/*
- Fer að hlýða á stuttar sögur, vísur og söngva

Máltjáning:

- Talaður orðaforði er allt frá 10 orðum upp í 97 orð (*íslenskir drengir 36 orð og stúlkur 97 orð*) við 18 mánaða aldur – oft óskýr framburður
- Notar eitt fornafn
- Nefnir hluti
- Segir setningar frá 1 upp í 3 orð
- Notar mest samhljóðin *n, m, b, d, h* með sérhljóðum
- Hermir eftir nokkrum dýrahljóðum
- Byrjar að tengja saman orð t.d. *meira nammi* eða *mamma koma*
- Byrjar að nota einföldustu persónufornöfn eins og *mín* eða *minn*

Your child's speech and language development?

18 -24 months

Language comprehension

- Follow simple instructions without clues (pointing or gestures)
- Identify pictures of common objects
- Point to own body parts
nose, mouth, hair, etc.
- Understand verbs/ actions in their context:
run, eat, nap, slide, kick, fall
- Listen to short stories, poems, rhymes and songs

Language expression

- 18 month old child should have 10 to 97 words in its vocabulary (*36 words for Icelandic boys and 97 words for girls*)- often unclear pronunciation
- Use one pronoun
- Name objects
- Use 1 - 3 word sentences
- Uses mostly consonant sounds *n, m, b, d, h* with vowel sounds
- Copy some animal sounds
- Begin to link together words, such as *more sweets* or *mummy comes*
- Begin to use simple personal pronouns, such as *my, mine.*

Hvað á barnið mitt að geta?

Málþroski 2 ára - 2 og ½ árs

Málskilningur:

- Skilur afstöðuhugtök (inn í og ofan á)
- Skilur nokkur fornöfn (þú, mín, hans)
- Skilur einföld magnhugtök (mikið)
- Þekkir athafnir á myndum
- Skilur lýsingarorðin *stór, góður, vondur*
- Framfylgir fyrirmælum eins og *Náðu í skóna þína*

Máltjáning:

- Notar spurnartón í tali/spurningu
- Fer að tengja fleiri orð í setningu 3+
- Notar fleirtölu
- Segir a.m.k. 50 orð (er jafnvel með um 400 orð við 2 ½ árs aldurinn)
- Notar sjálft persónufornöfnin *hann* og *hún*
- Setningar lengjast, t.d. *úr mamma koma* (um 2 ára) *í mamma koma heim* (um 2 ½ árs)
- Notar fleiri samhljóð. Framburður skýrist smátt og smátt

Your child's speech and language development?

2 - 2½ years old

Language comprehension

- Understand prepositions (in and above)
- Understand a number of pronouns (you, my, his)
- Understand concepts of amount (*a lot*)
- Recognize pictures of action words
- Understand adjectives *big, good, bad*
- Follow instructions, such as *get your shoes*

Language expression

- Use question inflection in speech/ questions
- Begin to link together more words in sentences 3 +
- Use plurals
- Use at least 50 words (*could use up to 400 words by 2½ years old*)
- Use personal pronouns *he* and *she*
- Sentences lengthen, e.g. from *mummy comes* (around 2 years old) to *mummy comes home* (around 2 ½ years old)
- Use more consonants
- Pronunciation becomes progressively clearer

Hvað á barnið mitt að geta?

Málproski flestra barna 2 og ½ árs - 3 ára

Málskilningur:

- Skilur notkun hluta
- Skilur ef spurt er um hluti sem það þekkir en sér ekki, t.d. *Náðu í bílinn þinn og settu hann í kassann*
- Skilur lýsingarorð
- Skilur mörg andstæð hugtök eins og *heitt og kalt, upp og niður, inn og út*
- Skilur persónufornöfnin *ég, þú, hennar* o.fl.
- Kann skil á grunnlitum eins og *gulur, rauður og blár*
- Þekkir magnhugtökin *allir* og *meira*

Máltjáning:

- Svarar *hvað, hvar og já/nei* spurningum
- Notar sjálft fornöfnin *ég, hann og hún*
- Talar í a.m.k. 3 - 4 orða setningum
- Spyr um hluti með spurnartón, t.d. *Dúkkann mín? Eða Hvar húfan mín?*
- Notar fleirtölu orða eins og *bílar, kubbar, boltar*
- Notar ákveðinn greini, t.d. *stelpa, húsið, hundurinn*
- Getur myndað flest máhljóð. Sleppir stundum samhljóði fremst í orði þótt það geti myndað sama hljóð í miðju eða aftast í orði.
- Einfaldar samhljóðasambönd, t.d. *skip verður gip* og *hestur verður hehtu* og *elda verður enda*
- Gera má ráð fyrir að nánustu aðstandendur skilji að mestu tal barnsins

Your child's speech and language development?

2½ - 3 years old

Language

comprehension

- Understand use of objects
- Can understand if asked about objects that they know but that are not within sight, e.g. *get the car and put it in the box*
- Understand adjectives
- Understand many concepts relating to opposites, such as *hot and cold, up and down, in and out*
- Understand personal pronouns *I, you, her, etc.*
- Recognize basic colors, such as *red* and *blue*
- Understand concepts of amount *all* and *more*

Language expression

- Answer *what, where* and *yes/no* questions
- Use personal pronouns *I, he* and *her*
- Use at the very least 3 - 4 word sentences
- Ask about objects with question inflection, e.g. *My doll?* or *Where is my hat?*
- Use plurals, such as *cars, blocks, balls*
- Use the definite article, e.g. *the girl, the house, the dog*
- Can make most speech sounds. Omits occasionally the first consonant of a word although can make the same sound in the middle or at the end of a word.
- Simplifies sound clusters e.g. *skip (ship)* becomes *gip* and *hestur (horse)* becomes *hehtu* and *elda (cook)* becomes *enda*
- It is usual that close relatives understand the majority of the child's speech.

Hvað á barnið mitt að geta?

Málþroski flestra barna 3 til 4 ára

Málskilningur:

- Skilur lýsandi hugtök
- Yfirhugtök
- Skilur neitun
- Nýtur þess í síauknum mæli þegar lesið er fyrir það – vill gjarnan heyra oft sömu söguna
- Hefur gaman af vísum og fáránlegum fullyrðingum, t.d. *hesturinn flaug hátt upp í loft*
- Flokkar hluti og hugtök á myndum, t.d. *matur, föt, dót, krakkar*
- Þekkir flesta liti

Máltjáning:

- Spyr oft *hvar – hver – hvað* spurninga
- Útskýrir á einfaldan hátt til hvers við notum einstaka hluti, t.d. *skeið* eða *bíl*
- Svarar spurningum eins og: *Hvað gerir þú þegar þér er kalt?* eða *Hvað gerir þú þegar þér er mál að pissa?*
- Notar þátíð veikra sagna, t.d. *hoppaði, labbaði*
- Endurtekur stuttar setningar
- Stundum endurtekur barnið sama hljóðið eða orðið, einkum í upphafi setninga. Kallast „smábarnastam“. Þetta á sérstaklega við um aldurinn milli 2 ½ - 3 ½ árs
- Telur upp að 5 og þekkir talnagildin 1-3 (réttir þrjá bolta skv. beiðni)
- Getur endurtekið þrjár tölur í röð, t.d. 5 8 1
- Langflest máhljóð komin en barnið einfaldar gjarnan flókin samhljóðasambönd, t.d. *grafa* verður *gaða*. Vantar gjarna / r, s, þ/
- Við 4 ára aldur skilst barnið af flestum ókunnugum
- Hefur a.m.k. 600 orð í orðaforða þegar nálgast fjögurra ára aldurinn
- Notar -ði, og -di/ti þátíðarmynd, t.d. *horfði, keypti* („*kaupti*“), *týndi*
- Notar sterka beygingu þátíðar í ákv. sögnum, t.d. *var, datt, sá* en notar þó veika beygingu sagna í flestum sterkum sögnum (t.d. *lék* verður *leikti*; *hljóp* verður *hlaupti* o.s.frv.)
- Notar flóknari fleirtölumyndir en áður, t.d. *bækur, börn, blöðrur*
- Barnið getur tjáð sig um það sem það hefur verið að gera í leikskólanum eða heima hjá leikfélaga
- Notar oft setningar sem innihalda fjögur eða fleiri orð

Your child's speech and language development

3-4 years old

Language

comprehension

- Understand adjectives
- Understand category names
- Understand negation
- Increasingly enjoy being read to. Will often enjoy hearing the same story again and again.
- Enjoy rhymes and nonsense verses, e.g. *The horse flew high in the sky*
- Categorize pictures and objects e.g. *food, clothes, toys, children*
- Recognize most colours

Language expression

- Will often *ask where- who- what* questions
- Describe in a simple way the use of objects, e.g. *spoon or car*
- Answer questions including: *What do you do when you are cold?* or *What do you do when you have to go to the toilet?*
- Use past tenses, e.g. *jumped, walked*
- Repeat short sentences
- The child will sometimes repeat the same sound or word at the beginning of a sentence. This is called developmental stuttering and is most common between the ages of 2½ - 3 ½ years
- Count up to 5 and recognizes numerical values of 1-3 (*give me 3 balls when requested*)
- Can repeat 3 numbers in a row, e.g. 5 8 1
- Can make most speech sounds, however the child will often simplify difficult sound clusters, e.g. *grafa* becomes *gaða*. Often pronunciation difficulties with r, s, þ
- By 4 years of age the child is understood by most unknown people
- Nearing the age of 4 years the child should have at least 600 words in their vocabulary
- Use -ði, og -di/ti in the past tense, e.g. *horfði (looked), keypti („kaupti“)* (bought), *týndi (lost)*
- Use the strong form of declension for a number of verbs, e.g. *var (was), datt (fall), sá (saw)* but still use the incorrect weak form of declension for the majority of strong verbs (e.g. *lék becomes leikti; hljóp becomes hlaupti* etc.)
- Use a greater number and more complicated forms of plurals than before, e.g. *bækur (books), börn (children), blöðrur (balloons)*
- The child can express itself about what it has been doing in playschool or at home with its playmates
- Often use sentences that include 4 or more words

Hvað á barnið mitt að geta?

Málþroski flestra barna 4 - 5 ára

Málskilningur:

- Skilur tiltölulega flóknar spurningar eða fyrirmæli
- Skilur mest af því sem talað er um heima og í leikskólanum
- Skilur tímahugtök
- Skilur lýsandi hugtök (þyngri)
- Greinir á milli geranda og þolanda (hver gerir eitthvað og hver verður fyrir einhverju)

Máltjáning:

- Notar setningar sem innihalda nákvæmar upplýsingar, t.d. *Amma mín á heima í gulu húsi með rauðu þaki*
- Mjög aukinn orðaforði
- Notar í auknum mæli sterkar beygingar sagna, t.d. *las, drakk* en setur samt oftar veika beygingu í stað sterkrar (sjá 3-4 ára)
- Getur útskýrt hvernig á að gera hluti, t.d. að teikna mynd eða bursta tennur
- Útskýrir orð eins og *Hvað er rúm?* eða *Hvað er epli?*
- Svarar *hvers vegna* spurningum
- Talið er orðið vel skiljanlegt. Þó vantar sum börn *r* og *s*. Viss samsetning hljóða flækist enn fyrir barninu, t.d. *blaðra* verður *blarða*, *útvarp* verður *úbart* og *kartafla* verður *karpatla*. Ætti að vera komið um 5 ára aldur
- Endurtekur setningar
- Svarar spurningum um tilgang
- Nefnir flokka

Your child's speech and language development? 4 - 5 years old

Language

- Understand relatively difficult questions and instructions
- Understand most of what is said at home and in preschool
- Understand time concepts
- Understand describing concepts (more difficult)
- Distinguishes between acting and receiving
(Who does something and who has something done to them)

Language expression

- Use sentences that include accurate information e.g. *Grandma has a yellow house with a red roof*
- Large increase in the vocabulary of the child
- Increasingly will use the strong declension of verbs, e.g. *las (read), drakk (drunk)*, but still will often use the weak form of declension incorrectly (see 3-4 years)
- Can describe how to do things, e.g. *draw a picture or brush teeth*
- Describe objects such as *What is a bed?* or *What is an apple?*
- Answer why questions
- Speech is now understandable. However some children will still have difficulty forming *r* and *s*. A number of sound clusters are still difficult for the child, e.g. *blaðra (balloon)* becomes *blarða*, *útvarp (radio)* becomes *úbart* and *kartafla (potato)* becomes *karpatla*. By 5 years of age the child should have mastered these clusters.
- Repeat sentences
- Answer questions about motive
- Name categories

Hvað á barnið mitt að geta?

Málproski flestra barna 5-6 ára

Málskilningur:

- Skilur setningar með nafnorði og 2 lýsingarorðum
- Getur fylgt margþættum fyrirmælum og framkvæmt þau.
Dæmi: Taktu stóra rauða kubbinn og settu hann við hliðina á bláa bílnum
- Skilur og getur útskýrt atburðarás (*fyrst gerðist..., svo..., en síðast....*)
- Skilur og hefur gaman af rími og rímsögum

Máltjáning:

- Notar lýsingarorð til að lýsa fólki og hlutum
- Útskýrir orð
- Getur myndað a.m.k. átta orða setningar
- Notar lengri og flóknari setningagerð (með aukasetningum og samtengingum) t.d. *Þegar ég verð stór ætla ég að verða flugmaður og lögga*
- Notar ímyndunaraflið til að bæta sögur sínar
- Getur enn vantað *r*-hljóð
- Fæst börn hafa náð tökum á *hn* eins og í orðinu *hnífur, hneppa*

Your child's speech and language development?

5 - 6 years old

Language comprehension

- Understand sentences with nouns and 2 adjectives
- Understand multiple instructions and perform them.
Example: Take the big red block and put it next to the blue car
- Understand the sequence of events
(first...,...next.., then)
- Understand and enjoy rhyme and rhyming songs

Language expression

- Use adjectives to describe objects and people
- Describe words
- Is able to form at least 8 word sentences
- Use compound sentences (with independent clauses and a coordinating conjunction e.g. When I am big I am going to be a pilot and a police officer)
- Use imagination to improve own stories
- Sometimes unable to form r-sound
- Few children are able to pronounce *hn* as in the words *hnífur* (knife), *hneppa* (button)

Hvað á barnið mitt að geta?

Málþroski flestra barna 6 - 7 ára

Málskilningur:

- Leggur saman og dregur frá upp að 5
- Þekkir eigin líkamshluta (þyngri orðaforði)
- Skilur tímahugtök
- Þekkir flóknari myndir

Máltjáning:

- Stigbreyting: notar miðstig og efstastig lýsingarorða
- Endursegir sögu með aðstoð mynda
- Notar *ari*-endingar til að gefa til kynna *starf/iðju*
- Beygir nafnorð í fleirtölu

Your child's speech and language development? 6 – 7 years old

Language comprehension

- Add and subtract up to 5
- Recognize own body parts (more difficult)
- Understand the concept of time
- Recognize more complicated pictures

Language expression

- Use comparative and superlative adjectives
- Retell stories with the support of pictures
- Use ari- end to indicate occupations/trade
- Pluralize nouns